

Fimmtudaginn 2. apríl 1998.

Nr. 298/1997.

Ólafur Þorláksson

(Ragnar Aðalsteinsson hrl.)

gegn

Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins

(Skarphéðinn Þórisson hrl.)

Lífeyrissjóðir. Opinberir starfsmenn. Gjafsókn. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómaramir Pétur Kr. Hafstein, Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson, Hjörtur Torfason og Hrafn Bragason.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 8. júlí 1997. Krefst hann þess, að viðurkennt verði með dómi, að frá og með 1. desember 1989 skuli lífeyrisgreiðslur sínar úr hendi stefnda miðaðar við laun héraðsdómara í stað löglærðs fulltrúa og að stefndi verði dæmdur til að greiða sér 1.413.092 krónur með nánar tilgreindum dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 1. janúar 1990 til greiðsludags. Jafnframt er krafist málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál. Áfrýjandi fékk gjafsókn fyrir Hæstarétti 7. nóvember 1997.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar sér til handa fyrir Hæstarétti.

Gerð er grein fyrir málsatvikum í héraðsdómi.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms er staðfest sú niðurstaða hans, að ekki séu lagaskilyrði til þess að bæta störfum áfrýjanda sem umboðs- og setudómara í einstökum málum við starfstíma hans sem sakadómara, þegar metin eru réttindi hans til lífeyris samkvæmt 7. mgr. 12. gr. laga nr. 29/1963 um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, sbr. 6. gr. laga nr. 98/1980. Eins og mál þetta liggur fyrir, þykja ekki skilyrði, sbr. 2. mgr. 163. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, til að fjalla um það atriði, sem hreyft var af hálfu áfrýjanda við meðferð málsins fyrir Hæstarétti, að starfstími hans sem dómarafulltrúa eigi einnig að koma hér til álita, en um þetta var ekki fjallað í héraði.

Þegar áfrýjandi var skipaður sakadómari í Reykjavík í ágúst 1964,

höfðu lög nr. 29/1963 tekið gildi, en samkvæmt þágildandi 3. mgr. 12. gr. þeirra skyldi upphæð lífeyris sjóðfélaga vera hundraðshluti launa þeirra, er á hverjum tíma fylgdu því starfi, er sjóðfélagi gegndi síðast. Reglu þessa er að finna í 6. mgr. 12. gr. laga nr. 29/1963. Í 6. gr. laga nr. 98/1980, sem varð 7. mgr. 12. gr. laga nr. 29/1963, var kveðið á um, hvernig með skyldi fara, þegar sjóðfélagar höfðu áður gegnt herra launuðu starfi en því, sem þeir gegndu síðast, eins og lýst er í héraðsdómi. Bæði þau ákvæði, sem hér um ræðir, eru skýr og afdráttarlaus. Ákvæði 6. mgr. 12. gr. laganna felur í sér almenna reglu um töku lífeyris. Var sú regla efnislega í gildi allt frá upphafi starfsferils áfrýjanda sem sakadómara til þess tíma, er hann hóf störf sem fulltrúi skattstjóra Suðurlands, og hlaut hún að vera honum kunn. Ákvæði 7. mgr. var hins vegar sett síðar þeim til hagsbóta, er áður höfðu stundað herra launuð störf. Eins og lýst er í héraðsdómi, bætti þetta ákvæði stöðu áfrýjanda, þótt hann næði því ekki að fullnægja ákvæði greinarinnar, til að miðað yrði við laun héraðsdómara. Þannig hafa engin ákvæði verið tekin í umrædd lög um þetta efni, frá því að áfrýjandi var skipaður sakadómari, sem skertu réttindi hans. Eðli máls samkvæmt hlýtur niðurstaða um töku lífeyris hjá hverjum og einum sjóðfélagi að fara eftir starfsferli og áunnum réttindum.

Að þessu athuguðu og með hliðsjón af öðrum þeim atriðum, sem byggt er á í niðurstöðu hins áfrýjaða dóms, verður ekki á það fallist með áfrýjanda, að beiting ofangreindra ákvæða laga um Lífeyris-sjóð starfsmanna ríkisins gagnvart honum feli í sér brot gegn ákvæðum stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944 um jafnræði, vernd eignarréttinda og atvinnufrelsi. Verður héraðsdómur því staðfestur.

Rétt þykir, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður. Gjaf-sóknarkostnaður áfrýjanda greiðist úr ríkissjóði, eins og nánar er greint í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður. Gjafsóknar-kostnaður áfrýjanda, Ólafs Þorlákssonar, greiðist úr ríkissjóði,

þar með talin málflutningsþóknun talsmanns hans fyrir Hæstarétti, 150.000 krónur.

S é r a t k v æ ð i **Hjartar Torfasonar**

Starf dómarafulltrúa við sakadóm Reykjavíkur, sem áfrýjandi gegndi á árunum 1957–1964, er ekki lengur til í þeirri mynd, sem þá var, og hlýtur að orka tvímælis, hvort við geti átt að láta lífeyri hans fylgja launum í starfi dómarafulltrúa, eins og því er nú háttað. Staða sakadómara við þennan dómstól, sem áfrýjandi gegndi síðan fram á árið 1972, var stofnuð með lögum nr. 98/1961 um dómsmálastörf, lögreglustjórn, gjaldheimtu o. fl. í Reykjavík. Til þessara laga má rekja upphaf að þeirri grundvallarbreytingu á starfi dómarafulltrúa, sem nú er orðin og varðar stjórnarskrárbundið sjálfstæði dómstólanna. Þau störf setudómara, er áfrýjanda voru falin eftir gildistöku laganna 1. janúar 1962, virðast bera með sér staðfestingu þess, að hann hafi þá þegar búið yfir viðeigandi hæfi og reynslu til að gegna fullgildu dómarastarfi, enda kveðst hann þá að jafnaði hafa gegnt sömu störfum og hinir skipuðu dómaraar við sakadóm Reykjavíkur. Um þýðingu þessara atriða var ekki fjallað fyrir héraðsdómi, og myndi það raska grundvelli málsins, ef málsástæður þeirra vegna yrðu nú teknar til úrlausnar með tilliti til áhrifa 7. mgr. 12. gr. laga nr. 29/1963 á lífeyrisrétt áfrýjanda.

Áfrýjandi hefur ekki sýnt fram á, að val hans á starfi hjá skattstjóra Suðurlands á árinu 1978 hafi verið tengt neyð eða öðrum atvikum, er veiti efni til að álykta, að honum kunni að vera mismunað umfram aðra, svo að máli skipti, ef litið er á þetta sem síðasta starf hans á vegum ríkisins í skilningi 6. mgr. 12. gr. laga nr. 29/1963.

Með þessum athugasemdum er ég samþykkur atkvæði annarra dómenda.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 12. maí 1997.

Ár 1997, mánudag 12. maí, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er af Allani Vagni Magnússyni héraðsdómara í Dómhúsinu við Lækjartorg, kveðinn upp dómur í málinu nr. E-7395/1995: Ólafur Þorláksson gegn Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins.

Mál þetta, sem dómtekið var 26. mars sl., höfðaði Ólafur Þorláksson, kt. 070929-7919, Skúlagötu 74, Reykjavík, á hendur Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, kt. 430269-6669, Laugavegi 114, Reykjavík, með stefnu, áritaðri af lögmanni stefnda 7. desember 1995.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að viðurkennt verði með dómi, að frá 1. desember 1989 skuli lífeyrisgreiðslur stefnanda úr hendi stefnda miðaðar við laun héraðsdómara í stað löglerðs fulltrúa og að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda 1.413.092 kr. með dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 af 16.547 kr. frá 1. janúar 1990 til 1. janúar 1991, af 219.055 kr. frá þ. d. til 1. janúar 1992, af 438.096 kr. frá þ. d. til 1. janúar 1993, af 702.166 kr. frá þ. d. til 1. janúar 1994, af 941.894 kr. frá þ. d. til 1. janúar 1995, af 1.200.261 kr. frá þ. d. til 1. nóvember 1995, en af 1.413.092 kr. frá þ. d. til greiðsludags.

Jafnframt er krafist málskostnaðar úr hendi stefnda, þar með talin þóknun talsmanns stefnanda, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál, en stefnanda var veitt gjafsókn með bréfi dómsmálaráðherra, dagsettu 8. júlí 1996.

Af hálfu stefnda er þess krafist, að hann verði sýknaður algjörlega af dómkröfum stefnanda. Jafnframt krefst stefndi málskostnaðar úr hendi stefnanda samkvæmt mati réttarins.

Málsatvik.

Stefnandi var fulltrúi sakadómarans í Reykjavík frá 26. september 1957 til 31. júlí 1964 og sakadómari í Reykjavík frá 1. ágúst 1964 til 31. október 1972, er hann lét af því starfi. Stefnandi var skipaður setudómari í einstökum málum á árunum 1962–1964. Hann starfaði sem lögmaður á tímabilinu frá nóvember 1972 til september 1978, en 18. september 1978 réðst hann til starfa sem löglerður fulltrúi hjá skattstjóra Suðurlandsumdæmis og gegndi því starfi til 31. október 1980. Hóf hann þá lögmannsstörf að nýju.

Stefnandi greiddi iðgjöld til stefnda í u. þ. b. 17 ár, fyrst sem dómarafulltrúi í sakadómi Reykjavíkur, síðan sem sakadómari og að lokum sem löglerður fulltrúi hjá skattstjóra Suðurlandsumdæmis.

Stefnandi var metinn 100% varanlegur öryrki frá 1. desember 1989. Stefndi hefur greitt stefnanda lífeyri miðað við laun dómarafulltrúa. Var sú ákvörðun stefnda á því reist, að lífeyri skyldi miða við þau laun, sem greidd séu fyrir starf, er sjóðfélagi hefur gegnt ásamt enn herra launuðu starfi í samtals tíu ár á sjóðfélagstíma sínum. Taldi stefndi stefnanda ekki fullnægja þeim skilyrðum undanþágu að hafa unnið í a. m. k. tíu ár í herra launuðu starfi eða störfum fyrr á sjóðfélagatíma sínum, þ. e. áður en hann gerðist löglerður fulltrúi á skattstofu. Féllst stefndi ekki á að leggja saman starfstíma stefnanda sem sakadómara og tíma hans sem umboðs- og setudómara,

enda hefði hann ekki greitt tillag til lífeyrissjóðs af þeim launum eða greiðslum, sem hann fékk sem setudómari.

Um forsendur lífeyristöku stefnanda er enginn ágreiningur. Óumdeilt er, að stefnandi á rétt á fullum örorkulífeyri úr Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins til 65 ára aldurs og ellilífeyri frá þeim tíma. Málsaðilar eru sammála um bæði tímalengd einstakra fastra starfa stefnanda og við hvað hann starfaði á hverjum tíma. Þá er enginn ágreiningur um útreikning á örorku stefnanda né útreikning stefnanda á kröfugerð sinni.

Deilt er um það í máli þessu, hvort örorkulífeyrir og síðar ellilífeyrir stefnanda úr hendi stefnda eigi að miðast við laun héraðsdómara eða laun dómarafulltrúa og hvort taka beri mið af setudómarastörfum stefnanda á árunum 1962–1964 við útreikning lífeyrisréttinda.

Stefnandi leitaði árið 1990 álits umboðsmanns Alþingis á réttarstöðu sinni gagnvart stefnda. Að hluta var um að ræða sama álitamál og í dómsmáli þessu. Umboðsmaður Alþingis skilaði álitsgerð sinni 25. nóvember 1991 og komst að þeirri niðurstöðu, að ákvörðun stjórnar stefnda frá 15. júní 1990 um að miða lífeyrisgreiðslur til stefnanda við laun dómarafulltrúa gæfi ekki tilefni til athugasemda af hans hálfu.

Málsástæður og lagarök.

Stefnandi reisir kröfur sínar í málinu á því annars vegar, að hann fullnægi þeim skilyrðum að hafa gegnt herra launuðu starfi í tíu ár eða lengur, enda skuli taka tillit til umboðs- og setudómarastarfa sinna, og með því að bæta þeim við starfstíma sinn sem sakadómara fullnægi hann skilyrðum um tíu ár.

Þá styður stefnandi kröfur sínar því, að óheimilt sé að svipta sig þeim lífeyrisrétti, sem hann hafi aflað sér sem sakadómari, vegna þess eins, að hann hafi síðar tekið að sér að gegna lægra launuðu starfi hjá ríkinu. Telur stefnandi, að þau réttindi, sem hann hafi áunnið sér til lífeyris með starfi sem sakadómari á tímabilinu 1. ágúst 1964 til 31. október 1972, verði ekki af honum tekin, enda njóti þau réttindi verndar sem eignarréttindi eða réttindi jafngild eignarréttindum. Telur stefnandi, að lagaákvæði, sem feli það í sér og hafi þann tilgang að svipta sig og aðra, sem eins sé ástatt um, þeim lífeyrisréttindum, er þeir hafi áunnið sér, séu andstæð stjórnskipuninni að þessu leyti. Þá kveður stefnandi við það miðað, að borgararnir njóti jafnræðis samkvæmt annars vegar áður óskráðum stjórnskipunarreglum þar um, nú samkvæmt 1. mgr. 65. gr. stjórnarskrárinnar, og hins vegar samkvæmt ákvæðum í mannréttindasáttmála Evrópu, sem lögleidd hafi verið hér á landi. Vernd þessi verði ekki afnumin með almennum lögum. Bendir

stefnandi á, að sjóðfélagi, sem hefði haft sama starfsaldur og greiðslutímabil í sjóðnum 31. október 1972 og hann sjálfur, myndi fá hærri lífeyrisgreiðslur en hann með því einu að ráðast ekki að nýju til starfa hjá ríkinu. Störf í þágu annarra hefðu hins vegar engin áhrif. Slík mismunun eftir starfsvali hjá ríkinu og hjá einkaaðila sé óheimil.

Þá telur stefnandi, að skerðing á lífeyrisréttindum sínum vegna síðari starfa á lægri launum hjá ríkissjóði sé í andstöðu við þær grundvallarreglur, sem fram komi í samningi um Evrópska efnahagssvæðið, einkum í V. hluta 1. kafla um félagsmál.

Samkvæmt útreikningi stefnda 6. júlí 1995 nemur munur á lífeyrisgreiðslum til löglaðs fulltrúa og héraðsdómara fyrir tímabilið 1. desember 1989–31. október 1995 1.413.092 kr. auk vaxta. Við þennan útreikning sé algerlega litið hjá iðgjaldagreiðslum 18. september 1978 til 31. október 1980.

Vísað er til 68. og 72. gr. stjórnarskrárinnar svo og til laga nr. 29/1963 um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins með áorðnum breytingum, einkum 13. gr., sbr. 12. gr. laga nr. 64/1954 um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins. Enn fremur er vísað til laga um eftirlaun ráðherra nr. 47/1965, laga nr. 46/1965 um eftirlaun alþingismanna og laga nr. 95/1980 um söfnunarsjóð lífeyrisréttinda.

Þá kveður stefnandi vísað til ýmissa þjóðréttarlegra gagna um jafnræði borgaranna, einkum mannréttindayfirlýsingar Sameinuðu þjóðanna, samnings um verndun mannréttinda og mannfrelsis frá 4. nóvember 1950, alþjóðasamnings um borgaraleg og stjórn mála réttindi, einkum 14. og 26. gr., og samnings um Evrópska efnahagssvæðið, einkum í V. hluta 1. kafla samningsins.

Um málskostnað er vísað til laga um meðferð einkamála og um vexti og dráttarvexti til vaxtalaga.

Stefndi kveðst einkum reisa málsástæður sínar á 6. mgr., sbr. 7. mgr. 12. gr. laga nr. 29/1963 um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins. Samkvæmt 6. mgr. 12. gr. tilvitnaðra laga eigi lífeyrir að vera tiltekinn hundraðshluti af launum, sem greidd séu fyrir það starf, er sjóðfélaginn gegndi síðast. Undantekningu frá þessari meginreglu sé að finna í 7. mgr. 12. gr. laganna. Hún sé sú, að viðkomandi sjóðfélagi þurfi að hafa gegnt herra launuðu starfi í að minnsta kosti tíu ár fyrr á sjóðfélagatíma sínum í sjóðnum, til þess að viðmiðunin við hið herra launaða starf verði virk. Stefnandi fullnægi einfaldlega ekki þessu skilyrði, þar sem hann sannarlega og óumdeilt vann ekki lengur en átta ár og þrjá mánuði sem sakadómari. Með öðrum orðum vanti stefnanda eitt ár og níu mánuði upp á ófrávíkjanlegt lágmark 7. mgr. 12. gr. laganna.

Skipun stefnanda í setudómaramál árin 1962–1964 skipti hér engu máli. Í

fyrsta lagi eigi tíu ára reglan í 7. mgr. 12. gr. 1. nr. 29/1963 einungis við þau störf, sem fullnægi aðildarskilyrðum skv. 3. gr. sömu laga. Skipun í setudómarastörf í einstökum málum fullnægi alls ekki þessum skilyrðum. Í öðru lagi hafi stefnandi ekki heldur sýnt fram á það á neinn hátt, að setudómarastörf hans jafngildi föstu starfi sakadómara í eitt ár og níu mánuði. Óumdeilt sé, að meðan stefnandi gegndi setudómarastörfum í einstökum málum á tímabilinu 1962–1964, hafi hann jafnframt verið dómarafulltrúi í sakadómi Reykjavíkur. Það sé vægast sagt vafasöm fullyrðing, að stefnandi hafi gegnt setudómarastörfum nægilega lengi, til þess að þau að viðbættum þeim tíma, sem hann var skipaður sakadómari, ná samanlagt tíu árum, jafnvel þótt þau teldust fullnægja aðildarskilyrðum 3. gr. laga nr. 29/1963. Sönnunarbýrðin sé stefnanda, hvað þetta varði, og hafi hann aðeins fullyrt þetta, en ekki gert tilraun til að sýna fram á fullyrðinguna.

Stefnandi vísi og til þess í málflutningi sínum, að stefndi hafi með ákvörðunum sínum svipt sig áunnum eignarréttindum, brotið gegn skráðum og óskráðum stjórnskipunarreglum um jafnræði og, að því er best verði séð, mismunað sér og öðrum ótilgreindum aðilum. Til viðmiðunar vísi stefnandi til ýmissa heimilda, svo sem stjórnarskrár lýðveldisins Íslands, 65. gr., sem fjalli um jafnræði, 68. gr., sem fjalli um pyndingar/nauðungarvinnu, og 72. gr., sem fjalli um friðhelgi eignarréttar. Jafnframt sé vísað til ótölulegs fjölda þjóðréttarlegra gagna um mannréttindi borgaranna og fleira.

Stefndi telur ekkert af tilvitnuðum stjórnarskrárákvæðum, mannréttindaákvæðum, þjóðréttarsamningum o. fl. eiga við í þessu máli. Sýnist þau flest langsótt og erfitt sé að sjá, hvernig þeim verði beitt í réttarágreiningi stefnanda og stefnda.

Reglur um samsöfnun lífeyrisréttinda og viðmiðanir þar að lútandi í lögum nr. 29/1963 um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins séu skýrar, og við þau ákvæði beri stefnda að miða við útreikning réttinda einstakra bótaþega. Stefndi geti ekki og megi að sjálfsgöðu ekki teygja, toga eða víkja frá lögbundnum ákvæðum til þess að þóknast huglægri réttlætiskennd einstakra bótaþega. Væru slíkar aðferðir viðhafðar, mætti tala um mismunun, geðþóttaákvæðanir og brot á jafnræðisreglunni. Allar ákvæðanir stefnda í máli þessu gagnvart stefnanda hafi verið teknar og átt að taka á grundvelli skýrra og hlutlægra lagaákvæða, og öllum fullyrðingum stefnanda um mismunun, brot á jafnræði, brot á alþjóðasamningum og fleira sé þess vegna harðlega mótmælt.

Ein af forsendum kröfugerðar stefnanda sé sú, að hefði hann ekki unnið sem löglærður fulltrúi hjá skattstofu Suðurlands á sínum tíma, ætti hann önnur og betri lífeyrisréttindi en hann njóti nú. Í kröfugerðinni sjálfri sé

starfstímabilinu hjá skattstofunni sleppt til þess að styðja þessa kröfugerð sem best. Stefndi kveðst ekki vilja tjá sig um samanburðinn sem slíkan, en kveðst mótmæla harðlega aðferðarfræðinni, sem beitt sé, og kveðst full-yrða, að hún fái ekki staðist. Starfssaga stefnanda sé óumdeild og óbreytanleg, hvort sem honum líki betur eða verr. Fortíð sína geti hann ekki leiðrétt, og á sama hátt hafi stefnda verið óheimilt að leiðrétta fortíð stefnanda til þess eins að þjóna ætluðum einstaklingsbundnum hagsmunum hans.

Stefndi kveður hluta kröfugerðar stefnanda fyrndan samkvæmt 2. tl. 3. gr. fyrningarlaga nr. 14/1905. Þess sé krafist, að tillit verði tekið til þess, fallist dómurinn efnislega á kröfur stefnanda.

Niðurstaða.

Stefnandi heldur því fram, að hann hafi gegnt hærra launuðu starfi í tíu ár eða lengur, með því að hann hafi haft á hendi umboðs- og setudómarastörf, og sé litið til þeirra, hafi starfstími sinn sem dómari verið lengri en tíu ár.

Í a-lið 3. gr. laga um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins nr. 29/1963 segir svo:

„Allir þeir, sem skipaðir eru, settir eða ráðnir í þjónustu ríkisins, ríkisstofnana eða atvinnufyrirtækja ríkisins með föstum launum til ekki skemmri tíma en eins árs eða með minnst þriggja mánaða uppsagnarfresti, enda sé það starf þeirra aðalstarf og hlutaðeigandi taki ekki minna en hálf þau laun, er slíku starfi fylgja fyrir fullan vinnutíma.“

Skipunarbréf vegna setudómarastarfa stefnanda hafa ekki verið lögð fram í málinu, en fram kemur, að um hafi verið að ræða skipun til þess að fara með og dæma tiltekin mál. Slík skipun rennur út, þegar verki er lokið, án uppsagnar, og fyrir það er greitt samkvæmt reikningi dómara, úrskurðuðum af dómsmálaráðuneytinu. Stefnandi fékk þannig ekki föst laun fyrir setudómarastörf sín, né heldur var greitt til lífeyrissjóðsins fyrir þau. Á umræddu tímabili var stefnandi að aðalstarfi fulltrúi yfirsakadómara í Reykjavík og greiddi í Lífeyrissjóð ríkisstarfsmanna sem slíkur.

Setu- og umboðsdómarastörf þau, er stefnandi gegndi, áður en hann var skipaður sakadómari, fullnægja ekki aðildarskilyrðum 3. gr. lífeyrissjóðslaganna, og er því ofangreindri málsástæðu stefnanda hafnað.

Samkvæmt 2. mgr. 12. gr. laga nr. 101/1943 um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins skyldi upphæð ellilífeyris vera hundraðshluti af meðallaunum hlutaðeigandi sjóðfélaga síðustu tíu starfsár hans. Sama regla var að þessu leyti í 2. mgr. 12. gr. laga nr. 64/1955 um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.

Með lögum nr. 29/1963, 3. mgr. 12. gr., var reglan um að miða elli-, ör-

orku- og makalífeyri við meðaltal síðustu tíu ára felld niður og sú breyting gerð, að upphæð ellilífeyris skyldi vera hundraðshluti af þeim launum, er á hverjum tíma fylgja því starfi, sem sjóðfélaginn gegndi síðast.

Með 6. gr. laga nr. 98/1980 um breytingar á lögum nr. 29/1963 um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins var nýrri málsgrein bætt við 12. gr., sem hljóðar þannig:

„Hafi sjóðfélagi gegnt hærra launuðu starfi eða störfum í að minnsta kosti 10 ár fyrr á sjóðfélagatíma sínum í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, skal miða lífeyrinn við hæst launaða starfið, enda hafi hann gegnt því í að minnsta kosti 10 ár, ella skal miða það hærra launaða starf, sem hann að viðbættum enn hærra launuðum störfum gegndi í að minnsta kosti 10 ár.“

Frumvarp það, sem varð að lögum nr. 98/1980, var flutt til staðfestingar á bráðabirgðalögum nr. 67/1980 um breytingar á lögum nr. 29/1963 um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, og í athugasemdum við frumvarpið segir einungis:

„Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjals hér á eftir.“

Á fylgiskjali þessu eru áðurnefnd bráðabirgðalög, en ekkert verður ráðið af aðfaraorðum þeirra um hið nýja ákvæði.

Í framsöguræðu fjármálaráðherra, er frumvarpið kom til fyrstu umræðu, segir m. a.:

„Í 8. gr. er gert ráð fyrir þeirri breytingu, að hafi sjóðfélagi gegnt hærra launuðu starfi eða störfum í a. m. k. 10 ár fyrr á sjóðfélagatíma sínum, skuli miða lífeyrinn við hæst launaða starfið, enda hafi hann gegnt því í a. m. k. 10 ár. Sambærilegt ákvæði hefur verið í gildi í Lífeyrissjóði barnakennara um alllangt skeið.“

Í fyrri hluta ákvæðisins kemur fram sú regla, að lífeyrir miðist við laun fyrir starf, sem sjóðfélagi hefur gegnt í a. m. k. 10 ár og er hærra launað en starf það, sem hann gegndi síðast. Verður hér að hafa í huga, að almenna reglan er sú, að menn taki lífeyri miðað við síðasta starf, sem þeir gegna, áður en þeir hefja töku lífeyris.

Síðari hluti ákvæðisins hefur verið skilinn þannig, að miðað er við, að hafi sjóðfélagi gegnt hærra launuðu starfi, en þó ekki í tíu ár, skuli miða við annað lægra launað starf, sem sé þó hærra launað en það starf, sem hann gegndi, er hann lét af störfum. Þannig skuli líta til þess tíma, er hann hefur gegnt hæst launaða starfinu, og nái hann tíu ára starfstíma, þegar næsthæst launaða starfinu er bætt við, taki hann lífeyri miðað við laun í hinu síðarnefnda starfi. Nái sjóðfélagi ekki tíu ára samanlögðum starfstíma með tveimur störfum, sem eru bæði hærra launuð en lokastarf, skal miða við

þriðja hæsta starfið, sé það herra launað, og nái sjóðfélagi með því samantölum tíu ára starfstíma, miðast lífeyrir við það. Ákvæðið hefur verið framkvæmt á ofangreindan hátt í tilviki stefnanda. Þess er að geta, að í hinum endanlega texta laganna hefur orðið „við“ fallið út, þ. e. a. s. „ella skal miða [við] það herra launaða starf, sem hann að viðbættum enn herra launuðum störfum gegndi í að minnsta kosti tíu ár“. Í frumvarpinu að lögnum var orðið „við“ í textanum og einnig í bráðabirgðalögnum.

Til álita gæti komið að miða við meðallaun í þeim störfum, er sjóðfélagi hefur gegnt í tíu ár samantlagt og eru herra launuð en síðasta starf hans, og myndi lífeyrir þannig myndaður af meðaltali launa fyrir þau störf, er hann gegndi tíu tekjuhæstu starfsár sín. Slík túlkun fæli í sér, að meira tillit væri tekið til greiðslna í lífeyrissjóðinn vegna viðkomandi sjóðfélaga og komist yrði hjá hinum skörpu skilum, sem óneitanlega verða við það, að sjóðfélagi nær ekki tíu ára starfstíma í hinu herra launaða starfi.

Þrátt fyrir þetta verður litið til þess, að sú regla, að upphæð lífeyris skyldi miðuð við meðallaun síðustu tíu starfsára sjóðfélaga, var felld niður með lögum nr. 29/1963, og orðalag ákvæðisins, eins og það hljóðar nú, er skýrt um þetta. Þykir því ekki verða beitt annarri túlkun ákvæðisins en stefndi hefur beitt, enda er sú framkvæmd í samræmi við orðskýringu ákvæðisins, eins og áður segir.

Er stefnandi tók við því starfi, er hann gegndi síðast, þ. e. fulltrúastarfi við embætti skattstjóra Suðurlands, gildi sú regla, að upphæð lífeyris skyldi miða við síðasta starf, er sjóðfélagi gegndi. Breyting sú, er varð á stöðu hans, er til töku lífeyris kæmi, stafaði beinlínis af ákvörðun hans um að hefja starf hjá ríkinu; hefði hann ekki gert það, hefðu réttindi hans miðast við síðasta starf, sem hann gegndi, þ. e. dómarastarf.

Kemur þá til álita, hvort setning hinnar nýju viðmiðunarreglu 1980, þ. e. a. s., að gegni sjóðfélagi herra launuðu starfi í tíu ár eða meira, skuli miða lífeyri við laun fyrir það starf, feli í sér brot á ölögfestri jafnræðisreglu, sem nú hefur verið tekin upp í stjórnarskrá. Var því haldið fram af hálfu stefnanda við munnlegan flutning málsins, að viðmiðun laganna væri hvorki hlutlæg né sanngjörn (objective or reasonable). Telja verður, að hér sé um að ræða mat, sem eigi undir löggjafann, og hefur ekki verið sýnt fram á, að honum hafi skotist svo í þessu efni, að réttlæti frávik frá skýru ákvæði laganna. Er ekki fallist á það með stefnanda, að regla þessi stangist á við stjórnarskrá.

Þá er ekki fallist á það með stefnanda, að eignarréttindi hans hafi verið skert með setningu laganna 1980, enda leiddi sú lagasetning til þess, að staða hans varð betri en áður, með því að af henni leiddi, að lífeyrir hans

miðast nú við dómarafulltrúastarf, sem er hærra launað en það starf, sem stefnandi gegndi síðast.

Samkvæmt því, sem hér að framan er rakið, verður stefndi sýknaður af öllum kröfum stefnanda, en rétt þykir, að málskostnaður á milli aðila verði felldur niður.

Stefnandi hefur fengið gjafsókn í máli þessu, og ber að greiða allan kostnað hans af málinu úr ríkissjóði, þar með talda þóknun lögmanns hans, Ragnars Aðalsteinssonar hrl., 350.000 krónur, auk virðisaukaskatts, en stefnandi er ekki virðisaukaskattsskyldur.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins, skal sýkn af kröfum stefnanda, Ólafs Þorlákssonar.

Málskostnaður milli aðila fellur niður.

Gjafsóknarkostnaður stefnanda greiðist úr ríkissjóði, þar með talin þóknun lögmanns hans, Ragnars Aðalsteinssonar hrl., 350.000 krónur.
